

Hvaða lærdóm má draga af hagþróun og hagstjórn á Íslandi á 20. öld?

Ein tala – 99,95 – segir næstum allt, sem segja þarf um hagstjórn á Íslandi frá 1939. Það ár jafngilti íslenska krónan einni danski krónu, svo sem hún hafði gert frá öndverðu 1886 til 1920 og aftur 1933-39. Frá 1939 hefur gengi íslensku krónunnar fallið um 99,95% gagnvart dönsku krónunni, og er þá myntbreytingin 1981, þegar tvö núll voru klippt aftan af íslensku ræflinum, tekin með í reikninginn. Gengisfall krónunnar stafar einkum af verðbólgu á Íslandi langt umfram verðbólgu í Danmörku. Verðbólga er alls staðar og ævinlega til marks um vonda hagstjórn og veikar stofnanir. Reynslan sýnir, að verðbólgulönd safna skuldum, vanrækja mikilvægar stoðir hagvaxtar og velferðar svo sem erlend viðskipti, menntun, fjárfestingu og stjórnsýslu og vaxa því hægar en þau hefðu gert við stöðugt verðlag. Verðbólga skapar falsa öryggis- og sælukennd, og mont, jafnvel langtímum saman, með því örva neyðslu á líðandi stund og slá framtíðinni á frest. Ísland fellur vel að þessu þekktu mynstri, þótt meðalvöxtur landsframleiðslu á mann alla 20. öldina hafi verið ívið meiri hér en í Danmörku og dugað til að breyta Íslandi úr hálfdrættingi á við Dani mælt í landsframleiðslu á mann um aldamótin 1900 í jafnoka Danmerkur og ríflega það 2006, þegar Ísland skipaði ásamt Noregi efsta sætið á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna, en þar er tekið mið af langlífi og menntun auk kaupmáttar landsframleiðslu á mann. Þetta voru gagnger umskipti frá aldamótunum 1900, þegar kaupmáttur landsframleiðslu á mann á Íslandi var svipaður og hann er nú í Gönu í Vestur-Afríku. Ör vöxtur á Íslandi var þó ekki verðbólgunni að þakka, langt frá því, heldur öðrum þáttum, einkum nýrri verkunnáttu og menntun, mikilli vinnu, viðgangi sjávarútvegs innan nýrrar 200 mílna landhelgi og ýmsum hæfum en bitandi framförum í hagstjórn, með rykkjum og skrykkjum, svo sem fríverzlun og verðtryggingu fjárskuldbindinga; þennan lista mætti hafa mun lengri.

En landsframleiðsla og lífskjör Íslendinga 2007 voru fölsk, þar eð gengi krónunnar var af ýmsum gömlum og nýjum ástæðum allt of hátt skráð og skuldaförnun þjóðarinnar erlendis hafði tekið út yfir allan þjófabálk án samsvarandi eignamyndunar á móti. Erlendir lánardrottinnar búast nú til að tapa allt að fjórfaldri til fimmfaldri landsframleiðslu Íslands á viðskiptum sínum við landið. Hagsaga iðnríkjanna geymir ekki önnur dæmi slíks: engin hátekuþjóð hefur áður bakað erlendum lánardrottnum svo mikinn skaða miðað við landsframleiðslu og greiðslugetu skuldarans, og munu Íslendingar þó standa eftir skuldum vafðir. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru taldar munu nema um 200% af landsframleiðslu á árslok 2009, og gæti sú tala átt eftir að hækka umtalsvert, þegar öll kurl koma til grafar. Svo miklar skuldir kalla á strangt aðhald í ríkisbúskap og rekstri fyrirtækja og heimila, á meðan skuldabyrðin er færð niður í bærilegt horf. Við þessa þungu byrði bætist rýrnun fiskstofna um helming eða tvo þriðju, sumpart vegna ofveiði (og meints brottkasts, sem yfirvöldin þræta fyrir), uppblástur og eyðing landsins og vanræksla í menntamálum og á ýmslegri annarri almannþjónustu. Mynstrið er skýrt hvert sem litið er: þjóðin hefur lifað um efni fram. Taflinu er lokið.

Stundum er hægt að bregðast við djúpri lægð eða kreppu með því að stíga á bensínjöfina og borga fyrir innspýtinguna með lántökum líkt og mörg önnur iðnríki gera nú, en þá þurfa þau að hafa sýnt næga ráðdeild á fyrri tíð til að skapa sér svigrúm til aukinnar lánasláttu í lægðinni. Þessu er ekki að heilsa á Íslandi, þar eð Íslendingar hafa að langmestu leyti fyrirgert lánstrausti sínu erlendis og eiga því ekki annars kost nú að en stíga fast á bremsuna í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðra lánveitendur, einkum Norðurlönd. Kippi Norðurlönd að sér hendinni, þar eð þau telji Íslendinga ekki gera nóg til að koma efnahagsmálum sínum og öðrum málum, þar á meðal rannsókn á tildrögum bankahrunsins, á réttan kjöl, og fáist önnur lönd ekki til að fylla skarðið, svo sem telja má líklegt, þurfa Íslendingar að grípa til mun strangara aðhalds en ella.

Bankahrúnið 2008 átti sér langan aðdraganda. Ísland var alla 20. öldina og er enn gagnsýrt af uppþembdum, þjóðþrungnum stjórnámálum langt umfram viðtekna hollustuhætti í nálægum löndum. Stjórnmalaflokkarnir og menn tengdir þeim sölsuðu undir sig viðskiptalífið og bankana og nærðust á einokun eða fákeppni á kostnað almennings, og hann dansaði með. Heilbrigður markaðsbúskapur átti undir högg að sækja, þar eð hann hentaði ekki spilltri stjórnmalastétt og bandamönnum hennar. Spilling sveif yfir vötnum, og ýmis lögbrot leiddi af henni, en hvort tveggja var feimnismál, sem ríkisfjölmiðlar og flokksblöð þögðu oftast um en ekki. Dómskerfið, lifandi eftirmynd og afsprengi stjórnmalastéttarinnar, stóð áhugalaust og máttvana gegn ítrekuðum lögbrotum. Spillt umhverfi – land án nauðsynlegra valdmarka og mótvægis – reyndist vera gróðrarstía handa nýjum og gráðugum bankaeigendum, sem stjórnmalamenn völdu úr hópi vana sinna 1998-2002.

Þetta ásigkomulag landsins, sem blasir nú við agndofa almennings, skaðaði einnig hagstjórnina. Ókeypis úthlutun aflakvóta frá 1984 eftir forskrift sérdrægra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi lagði grunninn að einkavæðingu bankanna á sömu nóttum, og hafa mörg útvegsfyrirtæki bætt á sig þungbærum skuldum með veð í kvótum, sem eiga þó að lögum að heita sameign þjóðarinnar. Nokkrar aðrar ákvarðanir um efnahagsmál tókust vel, svo sem innganga Íslands í EFTA 1970 og á Evrópska efnahagsvæðið 1994. Höfuðlærdómurinn af hagsögu Íslands á 20. öld er, að búa verður betur um valdmörk og mótvægi í stjórnkerfinu til að tryggja gagnkvæmt aðhald og eftirlit í stað skefjalausrar sjálfþöku hagsmunahópa og erindreka þeirra í stjórnámálum og stjórnsýslu.